

**Svar við fyrirspurn um starfshóp um varðveislu menningarminja við Grímsstaðavör
dags. 23.10.2017**

Á 289. fundi menningar- og ferðamálaráðs þann 25. september s.l. var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins í menningar- og ferðamálaráði:

Fulltrúi Sjálfstæðisflokks óskar eftir upplýsingum um hvers vegna starfshópur um Grásleppuskúrana hefur ekki verið kallaður saman í meira en rúmt ár. Hefur verið tekin ákvörðun um að leggja starfshópinn niður og ef svo er hvar hefur sú ákvörðun verið tekin fyrir og hvenær?

Svar:

Starfshópur um varðveislu menningarminja við Grímsstaðavör var skipaður á fundi menningar- og ferðamálaráðs þ. 12. janúar 2015. Hópnum var ætlað ákveðið hlutverk sem hann sinnti og þau verkefni sett af stað sem unnt var. Um starfstíma stendur einungis í erindisbréfi: „Starfshópurinn skili áfangaskýrslu til menningar- og ferðamálaráðs fyrir 1.júní 2015.“

Hópurinn skilaði áfangaskýrslu á fundi menningar- og ferðamálaráðs þ. 8. júní 2015 þar sem Ögmundur Skarphéðinsson arkitekt kynnti einnig frumdrög að deiliskipulagi fyrir Grímsstaðavörina frá 2010 og hugmyndir um framtíðarhlutverk svæðisins. Ekkert fjármagn var hins vegar í ramma menningar- og ferðamálasviðs árið 2015 vegna minjanna og engar viðbætur í úthlutuðum ramma vegna 2016. Því var lítt hægt að sinna fyrirbyggjandi verkefnum nema viðbótarfjármagn kæmi til. Af nógu er að taka eins og sjá má af áfangaskýrslunni. Leitað var til Borgarsögusafns sem hefur talið mikilvægt að vernda menningarminjarnar við Grímsstaðavör og hafa starfsmenn þess sinnt bráðabirgðaviðgerðum og nokkrum úrbætum síðan sem kynnt hafa verið á fundum ráðsins, síðast þann 25. september 2017.

Yfirfærsla málefna menningarminjanna við Grímsstaðavör til Borgarsögusafns var hluti af starfs- og fjárhagsáætlunargerð vegna 2017. Málefni þeirra voru á dagskrá fundar menningar- og ferðamálaráðs þ. 12. september 2016, en var frestað. Var það mat sviðsstjóra og ábyrgðarmanns hópsins að til að unnt væri að framfylgja tillögum hópsins og umönnun menningarminjanna væri þeim best fyrir komið sem hluti af starfsemi Borgarsögusafns í góðu samstarfi við umhverfis- og skipulagssviðs. Vandí verkefnisins hafði verið bæði formleg ábyrgð á fjármagni og framkvæmdum. Framhald á verkefninu byggir hins vegar á þeirri miklu hugmyndavinnu og umönnun sem þegar hefur farið fram, bæði í starfshópi var að störfum 2006 til 2010 og þess sem starfaði 2015, en starfshópur sem skipaður var s.hl. júní 2010 hóf aldrei störf. Láðst hefur að leggja hópinn frá 2015 formlega niður eða skipa nýjan, ef túlka má það svo að starfstíma hans hafi ekki lokið við þau skil sem standa í erindisbréfi.